

Uppgjör mjólkur fyrir verðlagsárið 2018

Mjólkuruppgjóri aðildarfélaganna SAM vegna ársins 2018 var ekki lokið fyrir aðalfund SAM árið 2019, en helstu upplýsingar um framleiðslu innan og utan greiðslumarks ásamt samantekt um útflutning árið 2018 eru hér á eftir.

Árið 2018 var mjólkurframleiðsla samtals 152.501.074 lítrar, en greiðslumark ársins var 145 milljónir lítra. Aðildarfélög SAM tóku á móti 152.409.890 lítrum, þar af allri mjólk sem framleidd var umfram greiðslumark samtals 7.483.845 lítrum.

Sala mjólkurafurða hjá aðildarfélögum SAM á Íslandi árið 2018 voru tæp 56.800 tonn. Samkvæmt gildandi stuðlum um samsetningu mjólkurafurða í árslok 2018 samsvaraði salan 129.491.804 lítrum mjólkur á próteingrunni og 144.778.867 lítrum á fitugrunni.

Aðildarfélög SAM fluttu út samtals 3.151 tonn af mjólkurafurðum árið 2018. Sundurliðun útflutnings og umreikningur í mjólk á grunni fitu- og próteininnihalds er í eftirfarandi töflu:

Útflutningur aðildarfélaganna SAM árið 2018

Vöruflokkur	Kíló	Umreiknað í lítra mjólkur miðað við	
		fitu (lítrar)	prótein (lítrar)
Skýr	1.322.758	114.684	4.794.506
Sýrðar vörur	217.720	10.817	537.750
Smjör	311.825	6.730.431	472.415
Ostar	653.432	404.358	9.189.457
Undanrennuduft	645.000	100.620	7.884.490
Samtals:	3.150.735	7.360.910	22.838.618

Útflutningur mjólkurafurða á vegum aðildarfélaganna SAM árið 2018 var meiri en umframmjólk reiknað á próteingrunni útflutningi umframmjólkur er því lokið hvað varðar próteinhluta umframmjólkur. Endanlegt uppgjör vegna umframmjólkur á fitugrunni lá ekki fyrir við ritun ársskýrslu SAM fyrir árið 2018.